



***Fornleifaskráning vegna deiluskipulags við
Einarsstaði í Hofsárdal***



Indriði Skarphéðinsson

2025


Forsíðumynd: Varða [3476-007] mynd tekin til norðausturs.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið	2
Fornleifaskrá	3
Einarsstaðir	3
[3476-001] varða – óþekkt	4
[3476-002] tóft – mylla	4
[3476-003] niðurgröftur – áveita	5
[3476-004] hleðsla – óþekkt	5
[3476-005] tóft – óþekkt	6
[3476-006] garðlag – túngarður	6
[3476-007] varða – samgöngubót	7
[3476-008] gata – leið	7
Niðurstöður	7
Heimildaskrá:	8
Viðauki I. Vegna tilefnis	9
Minjar við og á Krákugrund	9
Minjar við Grundarhorn	10
Samantekt	10
Viðauki II. Minjaskrá	11
Viðauki III. Minjakort	11



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract


Sólarsalir ehf hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area at Einarstaðir in Hofsaárdal where there is a planned construction of fishing lodge, a road and quarries related to the road construction.. The project has the registration nr. 3476. During fieldwork 8 features were surveyed, six of which are considered to be at risk due to planned development. In those cases, counter-measures were suggested to prevent any disruption of the protected archaeological remains. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012

Inngangur

Að beiðni Sólarsala ehf. tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu vegna deiluskipulags við Einarssstaði í Hofsárdal. Fulltrúi verkkaupa var Anna María Þórhallsdóttir og fékk verkið verkefnanúmerið 3476 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda gefið út. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á skipulagssvæðinu til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Farið var á vettvang dagana 26.-27. júní og svæðið tekið út. Í heildina voru skráðar átta minjar í og við skráningarsvæðið og teljast sex þeirra stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Afmörkun Skráningarsvæðisins.

Skráningarsvæðið er staðsett innan, neðan og utan við Einarstaði í Hofsárdal. Það nær til lóðar fyrirhugaðs veiðihúss á Krákugrund innan við Einarstaði, vegar frá lóðinni að Einarstaðavegi utan við bæinn og þriggja náma, tveggja við veginn og einnar nokkru utar. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr, engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni skráningarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein var því einnig skoðað 15 m svæði utan við skipulagssvæðið.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta skráningarsvæðisins (Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson 2005; Rannveig Þórhallsdóttir 2019) og liggur skipulagssvæðið innan 15 m friðhelgi tveggja áður skráðra minja [1560-132 & -133].

Fornleifaskrá

Í heildina voru skráðar átta minjar í og við skráningarsvæðið, einnig liggja tvær áður skráðar minjar [1560-132 & -133] innan þess.

Einarstaðir

Jörðin hefur lengi verið í bændaeigu og snemma á 17. öld var hún í eigu Bjarna Oddsonar sýslumanns á Bustarfelli en síðar seld Brynjólfi Sveinssyni biskupi. Í Jarðatali Johnsen er jörðin metin 10 hundruð að dýrleika. Í lýsingu sinni á Hofsókn árið 1840 nefnir Guttormur Þorsteinsson Einarstaði á meðal þeirra bæja sem eru hvað reisulegastir í sókninni. Bærinn á Einarssstöðum stóð áður í miðju gamla túninu sem liggur í stórri skeifu sem Hofsá hefur grafið austur í dalbotninn, stendur bærinn nú á grundinni þar ofan við (Ármann Halldórsson 1974:131; Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson 2000:53; Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson 2005:12; J. Johnsen 1847:352)

[3476-001] varða – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í gróðurlítilli brekku ofan við Krákugrund um 40 m utan við Kráká. Um er að ræða hálfhrunda vörðu sem trúlega hefur aldrei verið mjög mikil um sig. Í grunnin er varðan um 1,5x1 m að stærð og er hlaðin úr meðalstóru grjóti. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt og ekki sáust á svæðinu vörður sem tengst gætu minjunum



Mynd 1. Varða [3476-001], mynd tekin til norðausturs.

[3476-002] tóft – mylla

Minjarnar eru staðsettar á bakka Krákár þétt ofan við gamla veginn þar sem hann liggur yfir ána. Um er að ræða 6x4 m stóra tóft með leguna austur-vestur og inngang til vesturs. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir grjóti og eru 0,2-0,5 m á hæð og 0,8-1,2 m á breidd. Skarð er í suður og norðurvegg tóftarinnar þar sem skurður



Mynd 2. Myllutóft [3476-002] við Kráká, mynd tekin til norðausturs.

[3474-003] liggur að og frá myllunni. Hefur vatni verið veitt úr ánni um 29 m ofan við mylluna, í gegnum hana og aftur í ána um 7 m neðan við hana. Í búskaparannál Einarssstaða er greint frá myllutóft við Kráká (Ármann Halldórsson 1974:141).

[3476-003] niðurgröftur – áveita

Minjarnar eru staðsettar á austurbakka Krákár. Um er að ræða áveituskurð að og frá vatnsmyllu [3476-002]. Skurðurinn liggur frá Kráká um 29 m ofan við myllutóftina, 9 m ofan við tóftina kvíslast skurðurinn í tvennt og þar er hleðsla sem skiptir skurðinum. Liggur annar hluti skurðsins að myllunni en hinn aftur út í ána. Trúlega hefur vatnsflæðinu að

myllunni verið stýrt þar sem skurðurinn kvíslast. Skurðurinn liggur í gegnum mylluna og tekur krappa beygju til vesturs að ánni og rennur út í hana um 7 m vestan við mylluna.



Mynd 3. Áveitiskurður [3476-003], mynd tekin til norðvesturs.

[3476-004] hleðsla – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar á brún mels sem vestan við Kráká, stutt ofan við tóftir [1560-132 & -133]. Um er að ræða nokkuð óljósa steinsetning um 1,8x1,2 m á stærð og sporöskjulag. Hlutverk minjanna er ekki ljóst en hugsast getur að þetta hafi verið púkk undir eitthvað sem þarna stóð.



Mynd 4. Hleðsla [3476-004], mynd tekin til norðausturs.

[3476-005] tóft – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar innarlega á Krákugrund ofan við Neðrigrundir. Um er að ræða 11,5x6 m stóra aflanga tóft með leguna norðaustur-suðvesturs. Tóftin er gróin grasi og lyngi, mikið sokkin og illgreinanleg. Veggir hennar eru um 0,1-0,3 m á hæð og um 1,5-2 m á hæð. Sjá má móta fyrir inngangi inn í tóftina til suðausturs. Illa sést móta fyrir veggjum tóftarinnar en vel má greina nokkuð reglulega dæld í henni miðri. Ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 5. Tóft [3474-005], mynd tekin til norðausturs.

[3476-006] garðlag – túngarður

Minjarnar standa undir hærri melbrún á mjórri grasræmu stutt utan við Grundarhorn. Um er að ræða garðlag sem liggur frá Hofsárbakkanum frá austur-vesturs um 20 m leið þar sem það tekur 90° beygju til norðurs og liggur áfram tæpa 40 m. Upp við garðlagið að



Mynd 6. Garðlag [3476-006], mynd tekin til suðausturs.

innanverðu liggur skurður eftir því endilöngu nema þar sem hornið kemur á garðlagið, þar gengur um 6 m langur veggur út úr austur-vestur hlutanum til norðurs og myndar 6x4 m stóra tóft í horninu innanverðu. Garðlagið er um 0,4-0,8 m á hæð og 0,4-1,4 m á breidd. Sjá mátti gróin rofabörð í garðlagi á suður-vestur hlið þess. Um 2-3 m breitt skarð er í garðlagi við norðurenda þess. Stuttu norðar við þann enda, handan vegslóða sem þarna liggur, er skurður sem virðist liggja í framhaldi garðlaginu. Við vesturenda túngarðsins liggur það fram á barð ofan við eyrar Hofsár sem hefur greinilega grafið þarna inn í bakkan. Í rofinu þar mátti sjá í sniði að garðlagið liggur nokkuð yfir gjósku úr Veiðivötnum frá 1477 og að sú gjóska ásamt gjósku úr Örafajökli frá 1362 er í torfhleðslu garðlagsins. Minjarnar eru heillegar að mestu og trúlega ekki mjög fornar.

[3476-007] varða – samgöngubót

Minjarnar eru staðsettar á malarbakka um 60 m neðan við Einarstaðarveg, stutt innan við Merkigilslæk. Um er að ræða 1,2x1,2 m stóra og 0,5 m háa vörðu hlaðna meðalstóru lábornu grjóti. Varðan var skráð við fornleifaskráningu á svæðinu árið 2005 og um hana segir þar:

„Tvær vörður eru norðvestan megin vegar sem liggur að Einarstöðum. Báðar vörðurnar eru hrundar“ (Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson 2005:34). Hefur varðan trúlega verið endurreist á síðustu 20 árum.



Mynd 7. Varða [3474-007], mynd tekin til norðausturs.

[3476-008] gata – leið

Gamlar reiðgötur eru greinilegar í Neðrigrundum undir Krákugrundum meðfram suðurbakka Hofsár. Á myndakorti Loftmynda má rekja göturnar að Tunguseli sem staðsett er þarna innar í dalnum. Frá Tunguseli liggur gömul leið



Mynd 8. Reiðgötur [3476-008], mynd tekin til vesturs.

yfir Tunguheiði bæði á Hákonarstaði og Skjöldólfsstaði á Jökuldal (Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson 2000:54). Um er að ræða margar samsíða rákir sem liggja suðaustur-norðvestur.

Niðurstöður

Í heildina voru skráðar 8 fornleifar í og við skráningarsvæðið ásamt því eru tvær áður skráðar minjar sem liggja innan svæðisins. Minjar [3476-001], [1560-132] og [1560-133] liggja ekki innan skipulagssvæðisins en það liggur innan 15 m friðhelgi minjanna. Minjar [3476-007] eru staðsettar um 18 m frá skipulagssvæðinu og raskar það ekki friðhelgi þeirra. Bróðurpartur minjanna eru í yngri kantinum líkt og mylla [3476-002], áveitulækurinn að henni [3476-003] og

túngarður [3476-006] sem má nokkuð örugglega tímasetja til 19. aldar og byrjun 20. aldar. Nokkuð fornar minjar var einnig að finna á svæðinu og má þar nefna tóft [3476-005] og reiðgötur [3476-008]. Athygli vekur að í fyrri skráningu frá 2005 var einnig skráð mylla stutt neðan við Einarssstaðarbæinn þar sem hann stendur nú, hafa því verið tvær myllur á landareigninni þó líklegt verður að teljast að þær hafi ekki verið í notkun á sama tíma.

Heimildaskrá:

Ármann Halldórsson (1974). *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. I. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar hins Íslenska Bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson (2005). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. Bygðasafn Skagfirðinga. Sauðárkróki

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Rannveig Þórhallsdóttir (2019). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Vopnafirði*. Fornleifafræðistofa. Reykjavík.


Örnefnaskrá Einarssstaða (1960). Björgvin Sigfússon skráði.

Örnefnaskrá Einarssstaða, viðbót (1976). Helgi Gíslason og Hallgrímur Helgason skráðu.

Viðauki I. Vegna tilefnis

Í heildina eru níu fornleifar í og við skipulagssvæðið við Einarssstaði, sjö þeirra voru skráðar í fornleifaskráningunni nú en tvær þeirra voru skráðar í fyrri fornleifaskráningu. Af þeim níu fornleifum sem eru í hættu eru sex innan skipulagssvæðisins, það eru: mylla [3476-002], áveita [3476-003], hleðsla [3476-004], tóft [3476-005], túngarður [3476-006] og reiðgötur [3476-008]. Þrjár fornleifar eru utan skipulagssvæðisins en svæðið liggur innan 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis fornleifarnar, það eru: stekkur [1560-132], kofatóft [1560-133] og varða [3476-001].


Minjar við og á Krákugrund



Kort 3. Minjar og friðhelgi þeirra við og á skipulagssvæðinu á Krákugrund.

Innan fyrirhugaðrar lóðar á Krákugrund eru fimm fornleifar: mylla [3476-002], áveita [3476-003], hleðsla [3476-004], tóft [3476-005] og reiðgötur [3476-008]. Lóðarmörkin fara einnig inn fyrir 15 m friðhelgi þriggja minja: vörðu [3476-001], stekks [1560-132] og kofatóftar [1560-133]. Þær minjar sem eru innan lóðamarka eru þó allar 15 m eða meira frá fyrirhuguðum byggingarreit innan lóðarinnar og stafar því ekki bein hættu af byggingarframkvæmdunum.

Minjar við Grundarhorn



Kort 4. Minjart og friðhelgi þeirra á skipulagssvæðinu við Grundarhorn.

Við Grundarhorn er fyrirhuguð efnistaka og vegur. Þegar skráandi fór á vettvang var búið að leggja grunn að veginum og byrjað að taka efni úr námunni. Vegurinn liggur innan við 15 m friðhelgi túngarðs [3476-006] og liggur um 2 m frá norður enda garðlagsins.

Samantekt

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Er því beint til framkvæmdaraðila tillit sé tekið til fornleifanna og friðhelgi þeirra þegar ráðist verður í framkvæmdir á svæðinu og að þeim verði ekki raskað. Sé ekki unnt að fyrirbyggja rask á minjunum gæti þurft að grípa til mótvægisáðgerðir, sem geta falið í sér frekari rannsókn á

minjunum. Það er Minjastofnun Íslands að meta eðli og umfang minjanna og setja þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjaskrá

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3476-001	varða	Óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1900	678148.107	570364.703
3476-002	tóft	Mylla	friðað	vel greinanlegar	1800-1920	678087.611	570491.036
3476-003	niðurgröftur	Áveita	friðað	greinanlegar	1800-1920	678090.613	570482.516
3476-004	hleðsla	Óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1950	678016.663	570602.829
3476-005	tóft	Óþekkt	friðað	greinanlegar	870-1800	677818.898	570377.675
3476-006	garðlag	Tún	friðað	heillegar	1800-1950	678309.428	571018.303
3476-007	varða	samgöngubót	friðað	heillegar	870-1950	679687.450	572457.387
3476-008	gata	Leið	friðað	greinanlegar	870-1950	677815.049	570474.877

Viðauki III. Minjakort

Minjakort

